

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbúegg ehf. Vatnsleysuströnd, 190 Vogar



Dags eftirlits	26.7.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Kristín Kröyer
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Kristín Kröyer
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	7112032140	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu voru sett fram tvö frávik er varða skýrslugjöf og grænt bókhald.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við 57. gr. í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit var farið í reglubundið eftirlit í Nesbúegg að Vantsleysuströnd þann 26. júlí 2024. Rekstraraðili er með starfsleyfi gefið út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja 6. maí 2013 og gildir til 6. maí 2025.

Boðuð dagskrá:

- Niðurstöður síðasta eftirlits
- Staða starfsleyfis
- Umfang starfseminnar
- Meðhöndlun fuglaskíts
- Fráveituvatn
- Skýrslugjöf
- Grænt bókhald
- Útstreymisbókhald
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits
- Gjaldskrá
- Kvartanir
- Vettvangsferð
- Annað

Niðurstöður síðasta eftirlits

Í eftirlitinu sem farið var í árið 2023 voru settar fram tvær ábendingar. Önnur varðandi merkingu á gámum með áhættuvef. Rekstraraðili hefur nú merkt gáminn með viðeigandi texta. Hin ábendingin varðaði skil á útreikningum skv BAT sem hefur ekki verið skilað. Sjá síðar í skýrslunni.

Staða starfsleyfis

Gildandi starfsleyfi rennur út 6. maí 2025. Engin umsókn um nýtt leyfi hefur borist stofnuninni. Rekstraraðili var upplýstur um að vinnsla nýs starfsleyfis tekur gjarnan 8 mánuði frá því að fullgild umsókn er samþykkt og því mikilvægt að umsóknin komi inn til Umhverfisstofnunar sem fyrst.

Umfang starfseminnar

Samkvæmt starfsleyfinu er heimilt að á hverjum tíma að halda 65.000 fugla. Settur er inn hámarksfjöldi fugla í húsin í hverri eldislotu en þar sem það verða alltaf einhver afföll og engin viðbót er fjöldinn alltaf undir hámarksfjölda í starfsleyfinu.

Meðhöndlun fuglaskíts

Engum áburði er dreift á tún í kringum búið. Öllum áburði er ekið á brott. Rætt var um dreifingu áburðar inni í Reykjanesfólkvangi og að óæskilegt sé að eggjum sé blandað við þann áburð með tilliti til lyktar frá eggjunum inni í fólkvanginum. Rekstraraðili var hvattur til að taka málið upp með stjórn fólkvangsins um það hvaða kröfur þeir gera til magns og dreifingu áburðar innan friðlandsins. Rekstraraðili benti á að engum áburði hafi verið dreift á fólkvanginn það sem af er ári og óvissa er um framtíðardreifingu þar vegna eldsumbrota á svæðin.

Fráveituvatn

Samkvæmt starfsleyfi skal það vatn sem er mengað húsdýraáburði leitt í lokaða safnþró eða þar til ætlaða fellþró og siturlögn. Í eftirlitinu kom fram að vatn kemur einungis frá búinu við þrif eftir hverja lotu og það vatn fer í rotþrær.

Skýrslugjöf

Í BAT 24 og BAT 25 kemur fram að besta fáanlega tækni til að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs sem losað er sem úrgangsefni í húsdýraáburði og losun ammóníaks í andrúmsloft sé m.a útreikningur/mat með massajöfnuði einu sinni á ári. Þetta hefur ekki verið gert.

Grænt bókhald

Rekstraraðili hefur ekki skilað grænu bókhaldi fyrir ári 2023.

Útstreymisbókhald

Rekstraraðili skilaði útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 þann 11. mars 2024.

Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits

Eftirlitsmaður sendi rekstraraðila drög að áhættumati til ákvörðunar tíðni eftirlits að eftirlitinu loknu.

Gjaldskrá

Upplýsingar um breytta gjaldskrá og innheimtu voru send rekstraraðila.

Kvartanir

Rætt var um lyktarkvartanir sem borist hafa Umhverfisstofnun frá síðasta eftirliti. Um er að ræða tvær kvartanir frá sama aðila sem er búsettur nálægt búinu. Rekstraraðili hefur einungis verið upplýstur um kvartanirnar en engar kröfur um úrbætur settar fram. Rætt var um að í nýju starfsleyfi geti verið settar strangar kröfur um lyktarstjórnun samanber kröfur í BAT.

Vettvangsferð

Farið var í gönguferð um svæðið. Talsvert mikill gróður er í kringum búíð og upp að veggjum.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 24 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)2017/302 um bestu, fáanlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína.	Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fáanlega tækni er að vakta heildarmagn köfnunarefnis og fosfórs, sem er losað sem úrgangsefni í húsdýraáburði með a) útreikningi með því að nota massajöfnuð, eða b) mat með því að nota greiningu á heildarinnihaldi köfnunarefnis og fosfórs í húsdýraáburði. Tíðni a) eða b) er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra.
gr. 38. liður b. í lögum 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og BAT 25 í Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB)2017/302 um bestu, fáanlegu tækni (BAT), vegna þéttbærs eldis alifugla og svína.	Rekstraraðilar skulu nota bestu aðgengilegu tækni. Besta fáanlega tækni er að vakta losun ammóníaks með því að nota: a) mat með því að nota massajöfnuð eða b)útreikningur með því að mæla ammoníakstyrkinn og hraða loftræstingarinnar eða c) mat með því að nota losunarstuðla. Tíðni er einu sinni á ári fyrir hvern flokk dýra fyrir a) og c) en í hvert sinn sem umtalsverðar breytingar verða fyrir b)

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að sækja um nýtt starfsleyfi hið snarasta þar sem núgildandi leyfi rennur út sumarið 2025.

Rekstraraðila var bent á að hafa samband við stjórn Reykjanesfólkvangs um notkun áburðar á fólkvanginum. Jafnframt var bent á að ekki blanda eggjum í áburðinn sem fer inn á fólkvanginn.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 22.08.2024



Kristín Kröyer

